

Niðurstaða athugunar á starfsemi Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar

Framkvæmd var athugun á starfsemi Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar með heimsókn og gagnaöflun þann 4. apríl 2011 með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í kjölfar athugunarinnar rituðu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinna tímamarka. Voru drög að skýrslunni afhent sjóðnum þann 18. maí 2011 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sjóðsins og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar þann 24. júní 2011, var tekið tillit til þeirra athugasemda eftir því sem tilefni þótti til.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því við stjórn sjóðsins að hún feli óháðum endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana vegna athugasemda og ábendinga sem vikið er að í skýrslunni. Greinargerð óháðs endurskoðanda verði send Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 15. nóvember 2011.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma sem athugunin fór fram. Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum. Gagnsæisstefnan er nánar útfærð á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Helstu athugasemdir sem Fjármálaeftirlitið gerði við starfsemi sjóðsins eru eftirfarandi:

Stjórn og starfsmenn

Gerð var athugasemd við að ekki væru til staðar hjá sjóðnum reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar, sbr. 4. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997. Athugasemd var gerð við að ekki hafi legið fyrir samþykki stjórnar um þátttöku framkvæmdastjóra í atvinnurekstri í samræmi við 5. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997, en hann er skráður eigandi tveggja einkahlutafélaga. Gerðar voru athugasemdir við að innri endurskoðanda sjóðsins væru falin verkefni fyrir sjóðinn sem tengjast ekki störfum hans sem innri eftirlitsaðila og geta skert óhæði hans, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 129/1997.

Samþykktir

Gerð var athugasemd við að samþykktir sjóðsins hafi ekki verið endurskoðaðar frá árinu 2000 til samræmis við núverandi rekstur og lagaumhverfi.

Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti stjórnar og starfsmanna

Gerð var athugasemd við að sjóðurinn hafi ekki haldið skrá um tilkynningaskyld viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga eins og ber að gera samkvæmt gildandi verklagsreglum sjóðsins um verðbréfavíðskipti. Þá hafði öðrum ákvæðum er varða tilkynningaskyldu þeirra starfsmanna, sem koma að ákvörðunum eða framkvæmd viðskipta sjóðsins með fjármálagerninga, um öll viðskipti fyrir eigin reikning og verðbréfaeign þeirra þegar þeir tóku við starfi, ekki verið framfylgt. Auk þess höfðu stjórnarmenn sjóðsins ekki undirritað yfirlýsingu um að hafa kynnt sér verklagsreglur sjóðsins um verðbréfavíðskipti.

Fjárfestingar sjóðsins

Verkferlar varðandi fjárfestingar sjóðsins

Gerð var athugasemd við að engir verkferlar væru til staðar hjá sjóðnum varðandi fjárfestingaferli, ákvarðanir og framkvæmd þess.

Skýrslur um sundurliðun fjárfestinga til Fjármálaeftirlitsins

Gerðar voru athugasemdir við útfyllingu á skýrslum um sundurliðun fjárfestinga sjóðsins sem sendar eru Fjármálaeftirlitinu á þriggja mánaða fresti. Óskráðar fjárfestingar voru ekki rétt flokkaðar í öllum tilfellum í skýrslunni og þá hafði lífeyrissjóðurinn ekki flokkað undirliggjandi eignir sjóða, skv. 7. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Óskráðar fjárfestingar

Hlutfall óskráðra fjárfestinga Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar er utan heimilda samþykktar sjóðsins.

Áhættustýring og innra eftirlit

Gerð var athugasemd við að ekki væri til staðar heildstæð áhættustýring hjá sjóðnum. Þá var skortur á skjalfestum verkferlum, verklýsingum og lítið um innri reglur hjá sjóðnum. Farið var fram á að sjóðurinn myndi hefja þá vinnu að móta innra eftirlit hjá sjóðnum og áhættustýringu. Gerð var athugasemd við að stjórn sjóðsins hafi ekki sinnt ábendingum innri eftirlitsaðila sjóðsins.

Upplýsingaskylda og upplýsingakerfi

Gerð var athugasemd við að sjóðurinn sendi sjóðfélögum sínum yfirlit aðeins einu sinni á ári. Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 skal lífeyrissjóður senda yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti.

Alvarleg athugasemd var gerð við að bókhald sjóðsins sé einungis fært árlega. Þá var gerð athugasemd við utanumhald um fjárfestingar sjóðsins en sjóðurinn hefur ekki yfir að ráða verðbréfakerfi sem gerir alla yfirsýn erfiða og eykur villuhættu.

Fjármálaeftirlitið mun í framhaldinu birta gagnsæistilkynningu á heimasíðu sinni eftir að fyrir liggur skýrsla um þær úrbætur sem lífeyrissjóðurinn hefur framkvæmt.